

Danska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- skilji aðalatriði í tilkynningum, samtölum og stuttum frásögnum
- geti skilið leiðbeiningar og upplýsingar, t.d. í tali kennara
- geti lesið stutta texta og skilið aðalatriði þeirra
- geti lesið og skilið stutta texta, sem tengjast efni sem farið hefur verið í
- geti tekið þátt í einföldum samræðum um efni sem þeir þekkja
- geti sagt frá sjálfum sér, persónulegum högum og nánasta umhverfi
- geti skrifað stuttar frásagnir, sem byggjast á efni og orðaforða sem þeir þekkja
- kynnist grunnatriðum danskrar málfræði

Námsefni

Tænk, lesbók, tvær vinnubækur, talæfingar og annað tengt efni.

Efni frá kennara eftir þörfum.

Kennsluform

Kennari verður með innlögn þegar það á við. Nemendur vinna oft sjálfstætt í bókunum, en í þörum eða hópum í stærri verkefnum. Hlustunaræfingar sem fylgja efninu verða lagðar fyrir nemendur. Mikil áhersla verður á talað mál og því munu tal- og framburðaræfingar skipa ákveðinn sess í kennslunni.

Námsmat

Í dönsku er gefin skólaeinkunn að hausti og vori og prófseinkunn að vori.

- ástundun 15%
- vinnubrögð og vinnubækur 15%
- kannanir, munnlegt próf og skilaverkefni 70%

Enska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- geti lesið léttar smásögur, tímaritsefni, leitað upplýsinga í handbókum og lesi sér til fróðleiks
- geti lesið nákvæmlega eða hraðlesið eftir þörfum
- þjálfist í að skilja megininnihald talaðs máls.
- geti komið frá sér stuttum texta, bæði munnlega og skriflega.
- geti skilið ensku talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er með.
- nái góðum tókum á nokkrum grunnatriðum enskrar málfræði s.s. fleirtölu, nafnorða, beygingu sagna og lýsingarorða, fornöfnum, greini og algengum forsetningum

Námsefni

Matrix Foundation Student's book/Workbook

Go for it – textar

Efni af vef

Lestextar frá kennara

Kennsluform

Nemendur vinna verkefni úr kennslubókunum í tímum og heima, farið er yfir þau munnlega og á töflu. Hlustun þjálfuð reglulega og nemendur þjálfu talað mál (tvö og tvö saman eða í hóp). Ritun þjálfuð í tengslum við námsefnið.

Námsmat

Í ensku er gefin skólaeinkunn að hausti og vori og prófseinkunn að hausti.

- kannanir 30%
- ritun 10%
- ástundun og virkni 35%
- vinnubók og vinnubrögð 25%

Heimilisfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- skilji mikilvægi hollrar næringar og heilbrigðra lífshátta
- þjálfist í að velja rétt áhöld og tæki við matargerð og bakstur
- tileinki sér leikni í heimilisstörfum og átti sig á mikilvægi hreinlætis við matreiðslu og heimilisstörf
- þjálfist í að vinna sjálfstætt og með öðrum
- hugi að umhverfismálum og hvernig flokka megi rusl og annan úrgang sem tilfellur við heimilisstörf

Námsefni

Verkefnablöð og uppskriftir frá kennara.

Kennsluform

Innlögn, leiðsögn, einstaklings- og hópavinna. Kennslan verður bæði bókleg og verkleg.

Námsmat

Í heimilisfræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori. Árgangnum er skipt upp í tvo hópa og fær hver hópur kennslu hálf skólárið. Um símat er að ræða þar sem frammistaða hvers og eins er metin.

- vinnubók 20%
- framkoma 20%
- frumkvæði og vinnubrögð 60%

Íslenska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- auki orðaforða og lesskilning sinn og efli málkennd sína með margvíslegum lestrarverkefnum
- þjálfist í notkun orðabóka og annarra handbóka
- þjálfist í að gera útdrátt úr lesnu efni og geti komið því til skila
- þekki flestar stafsetningarreglur og hafi náð færni í greinarmerkjasetningu
- geti skipt texta í setningar, málsgreinar og efnisgreinar
- fáist við ritun í tengslum við lesna bókmenntatexta og geti skrifað sögur og ljóð
- vinni heimildaritgerð
- geri sér grein fyrir grunnhugtökum í bókmenntum t.d. boðskapur, aðal- og aukapersónur, tími og umhverfi
- þekki hugtökin rím, braglína, ljóðstafir, endurtekning, persónugerving og líking
- kannist við þekktustu íslensku ljóðskáldin frá fyrri og seinni hluta síðustu aldar og nokkur verk þeirra
- átti sig á flokkun orða: sagnorð, fallorð, og óbeygjanleg orð
- geti fundið nútíð og þátíð sagnorða og gert greinarmun á reglulegri og óreglulegri beygingu
- geti fundið stofn orða og nýtt sér þekkingu við stafsetningu og orðmyndun
- geti hlustað af þolinmæði, athygli og skilningi á samræður annarra
- tileinki sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er t.d. á upplestur eða frásagnir
- að nemendur geti tjáð og gert grein fyrir skoðunum sínum sig frammi fyrir áheyrendum
- tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða

Námsefni

Gullvör 1, Finnbjörg, Mályrkja I, Finnur 1, Sagnorð, Þeð á plánetunni jörð, Gunnlaugs saga Ormstungu, Djákninn á Myrká.

Kennsluform

Innlögn á nýjum viðfangsefnum. Verkefnavinna, einstaklings- og hópavinna. Bókmenntaritgerð verður unnin á haustönn og nokkur styttri ritunarverkefni á vorönn.

Námsmat

Í íslensku er gefin skólaeinkunn og prófseinkunn að hausti og vori.

Að hausti

- kannanir 50%
- bókmenntaritgerð 15%
- ástundun og virkni 20%
- vinnubækur og vinnubrögð 15%

Að vori

- kannanir 50%
- ritunarverkefni 15%
- ástundun og virkni 20%
- vinnubækur og vinnubrögð 15%

Íþróttir

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- efli þol, styrk, kraft og liðleika
- skilji mikilvægi reglubundinnar líkamsræktar og finni til þess leiðir við sitt hæfi
- fái aukið sjálfstraust, viljastyrk og áræði
- fræðist um íþróttir, líkamsrækt og heilsuvernd
- fái stuðning við þroskaferli í öðrum námsgreinum
- fari eftir reglum og virði þær

Námefni

Útileikir, leikir, körfubolti, fitness, fótbolti, stöðvar, cooper próf, píptest, liðleikapróf, sipp-próf, bandý, skólahreysti, handbolti, frjálssar íþróttir, badminton, útihlaup.

Námsmat

- próf (cooper, píptest, langstökk án atr., kúluvarp, liðleiki og sipp) 50%
- mæting, virkni, áhugi og framkoma 25%
- gögn 25%

Lífsleikni

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- viti af hættum samfara neyslu ávana- og fíkniefna
- verði meðvitaðir um samhengi hirðusemi og hollra lífsvenja við að ráða við álag, streitu og kröfur í dagsins önn
- ræði um hvaða þættir geta haft áhrif á sjálfsmynd og sjálfstraust
- læri að hlusta og taka þátt í samræðum um hin ýmsu málefni
- þekki ýmris lög og reglur sem taka til samskipta manna
- þekki flest boð-, bann- og leiðbeiningarmerki í umferðinni
- þekki viðurkenndar merkingar fyrir umhverfisvænar vörur
- skilji mikilvægi þess að fara vel með umhverfið og náttúruna

Námsefni

Að ná tókum á tilverunni

Forvarnarefni ýmis konar

Ég er það sem ég vel f. 8. bekk

Annað efni frá kennara.

Kennsluform

Kennslan byggist á umræðum kennara og nemenda, leikjum og verkefnavinnu.

Einstaklingsvinna og hópavinna allt eftir viðfangsefni hverju sinni.

Námsmat

Í lífsleikni er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- virkni og ástundun 70%
- skrifleg verkefni 15%
- hópavinna 15%

Myndmennt

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- geti áttað sig á því hvernig góð mynd er byggð upp og kunni að vanda sig við gerð hennar
- þekki hlutföll mannlíkamans
- temji sér vönduð vinnubrögð og leggi áherslu á að skila af sér góðum verkum
- tileinki sér helstu aðferðir við myndgerð
- verði orðinn fær í að þróa hugmynd yfir í myndverk
- þekki nokkrar stefnur í myndlist
- vinni mynd af manneskju í ákveðnu rými
- geri sér grein fyrir mismunandi sýn listamanna á mannlíkamann
- geti skilgreint hugtakið portrettmynd
- þekki helstu einkenni súrrealisma
- geti gengið frá verkefnum, efni og áhöldum og geri sér grein fyrir verðmæti efnis sem unnið er með hverju sinni

Námsefni

Myndmennt I og II. Ýmsar listaverkabækur og myndabækur.

Kennsluform

Innlögn, leiðsögn, tilraunir, sköpun, sjálfstæð- og hópavinna. Fjölbreytt verkefni verða lögð fyrir og kenndar ýmsar aðferðir við myndgerð.

Námsmat

Í myndmennt er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 60%
- verkefni 40%

Náttúrufræði (eðlis-, efna- og jarðfræði)

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Eðlisvísindi

- skilji muninn á frumefni, efnasambandi og efnablöndu
- viti hvernig frumefni eru táknuð og hvað formúla efnis merkir
- átti sig á uppbyggingu lotukerfisins og geti notað það til að spá fyrir um eiginleika frumefna
- viti úr hvaða öreindum frumeindin er gerð
- skilji hvernig frumeindir geta breyst í jónir
- átti sig á helstu sérkennum hreinna efna
- skilji að heildarmassi efna, sem taka þátt í efnabreytingu, helst óbreyttur
- skilji að frumeindir varðveitast þó að efni taki breytingum
- skilji muninn á hamskiptum, leysingu og efnahvörfum
- skilji hugtakið efnajafna
- skilji hvað stilling efnajafna felur í sér og geti stillt einfaldar efnajöfnur

Námsefni

Efnisheimurinn

Lotukerfið

Kennsluform

Útlistunarkennsla, verkefnavinna, verklegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir, hópvinubrögð og glósutækni.

Námsmat

Í eðlisfræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun 15%
- vinnubók og verkefni 30%
- kannanir 55%

Náttúrufræði (líffræði)

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Lífvisindi

- átti sig á að lífverur eru flokkaðar í ríki eftir skyldleika og læri um aðaleinkenni helstu hópa lífvera, lífsferla og aðlaganir
- átti sig á að nauðpurftir allra lífvera eru nánast þær sömu
- geri sér grein fyrir að erfðæfni stjórnar erfðum lífvera
- þekki að flest í fari dýra hefur einhvern tilgang, s.s. mökunarferli, fuglasöngur og árstíðabundnar ferðir fugla og fiska
- geri sér grein fyrir að þær lífverur, sem eru best aðlagðar umhverfinu, eru hæfari en aðrar til að lifa af og fjölga sér
- viti að í öllum lífverum fer fram ákveðin starfsemi, s.s. hreyfing, næringarnám, úrgangslösun, vöxtur og æxlun
- geri sér grein fyrir að líf myndast einungis af öðru lífi með kynlausri æxlun eða kynæxlun
- geri sér grein fyrir að lífverur þroskast á mismunandi hátt á lífsleiðinni
- þekki ljóstillífun
- þekki algengustu frumefni og efnasambönd sem frumur eru gerðar úr
- þekki helstu frumulíffæri og starfsemi þeirra
- geri sér grein fyrir að sjúkdómar geta verið af ýmsum orsökum og að leiðir til að koma í veg fyrir þá eða lækna tengjast orsökunum

Námsefni

Lífheimurinn

Kennsluform

Útlistunarkennsla, verkefnavinna, verklegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir, hópvinubrögð og glósutækni.

Námsmat

Í náttúrufræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun 15%
- vinnubók og verkefni 30%
- kannanir 55%

Samfélagsfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Saga

- kynnist sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og lykilhlutverki Jóns Sigurðssonar í henni
- kynnist æviágripi Jóns Sigurðssonar og konu hans Ingibjargar Einarsdóttur
- kynnist því hvaða aðstæður mótuðu atvinnuhætti og lífshætti Íslendinga áður fyrr
- kynnist áhrifum erlendra strauma á þróunina á Íslandi og áföngum íslenskrar sjálfstæðisbaráttu til upphafs heimastjórnartímabilsins

Landafræði

- verði færir um að nýta sér fjölbreyttar upplýsingar sem felast í landakortum og geti t.d. borið saman ólík svæði í heiminum út frá kortum
- öðlist yfirlit yfir heiminn, jafnt þætti náttúrufars sem og menningarleg einkenni, geti borið saman ýmis einkenni heimsálfanna, hvað sé líkt og hvað ólíkt.
- skilji hvernig náttúrufar hefur áhrif á athafnir fólks og hvernig mismunandi menningarleg gildi, trúarleg viðhorf, tæknileg, efnahagsleg og pólitísk kerfi geta mótað umhverfið á ólíka vegu
- kynnist því sem er efst á baugi í umhverfismálum og öðlist skilning á gildi umhverfisverndar .

Námsefni

Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar

Landafræði handa unglíngum 2. hefti

Kortabækur

Kennsluform

Útlistunarkennsla, verkefnavinna, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir, hópvinna og gósutækni.

Námsmat

Í samfélagsfræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- vinnubók 30%
- ástundun og virkni 20%
- kannanir 30%
- hópavinna 20%

Stærðfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Stærðfræði og tungumál

- lesi og skrifi háar og lágar tölur sem koma fyrir í texta, töflum og myndritum, ártöl í rómverskum tölum, almenn brot, tugabrot, mælitölur af ýmsu tagi og prósentur
- þjálfist í notkun sviga og forgangsröð aðgerða
- taki þátt í samstarfsverkefnum með bekkjarfélögum þar sem reynir á þessa færni og þátttöku hans í umræðum um lausnarleiðir og niðurstöður

Lausnir verkefna og þrauta

- venjist því að kynna sér verkefni til hlítar, skilgreina hvað er gefið og hvað ekki, nota fjölbreytilegar aðferðir, t.d. gera töflur og teikningar, eða setja á svið til að leita lausna og prófi og sannreyni niðurstöður
- glími við verkefni og þrautir þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar fyrir fram; þrautirnar feli í sér samsetningar ólíkra hugtaka og aðferða, tengsl við daglegt líf og önnur svið
- þýði verkefni úr daglegu lífi yfir á táknumál stærðfræði
- noti stærðfræði til að henda reiður á eigin fjármálum meðhöndli upplýsingar um náttúrufrýrbrigði á stærðfræðilegan hátt, t.d. setji veðurathuganir upp í töflur og gröf og túlki sem fall af tíma
- vinni með tíma-, lengdar-, flatar-, rúmmáls- og þyngdareiningar í metrakerfi og kynnist sambandi þeirra innbyrðis

Tölur

- vinni með heilar tölur, röðun þeirra, talnarunur og reikniaðgerðir
- meti hvenær tvö almenn brot eru jöfn og fáist við röðun almennra brota, styttingu og lengingu og tengsl þeirra við tugabrot og prósentur
- vinni með sléttar tölur og oddatölur og átti sig á reglum um deilanleika talna með 2, 3, 4, 5, 9 og 10
- þekki frumtölur og þáttun talna í frumpætti og viti hvernig má finna lægstu frumtölurnar
- stytти almenn brot með því að leysa teljara og nefnara í frumpætti
- þekki stærsta samdeili og minnsta samfeldi tveggja talna
- breyti endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- noti reiknivél til að leggja saman, draga frá, margfalda og reikna prósentur með því að breyta í tugabrot og reikna svo
- öðlist það góða tilfinningu fyrir tölum að hann geti lagt mat á hvort útkoma úr reikningsdæmi er sennileg
- námundi tölur að heilum þúsundum, hundruðum, tugum, einingum, tíundu hlutum, hundraðshlutum og þúsundustu hlutum
- venjist því að reyna að gera sér grein fyrir svári áður en gripið er til reiknivélar

Hlutföll og prósentur

- vinni með mælikvarða á vinnuteikningum og landakortum
- vinni með prósentur í margvíslegu samhengi
- fáist við prósentureikning sem algengur er í þjóðfélaginu, t.d. hækkun eða lækkun, aukningu eða minnkun og afslátt

Mynstur og algebra

- vinni með bókstafi til að tákna stærðir og beiti reiknireglum á stæður þar sem ein eða fleiri óþekktar stærðir koma fyrir
- leysi einfaldar jöfnur og byggji á skilningi á því hvernig bókstafir eru notaðir til að tákna stærðir
- vinni með víxlreglu og tengireglu samlagningar og margföldunar
- kynnist muninum á stæðu og jöfnu

Rúmfræði

- þekki hugtök, s.s. punkt, línu, línustrik, geisla, horn og ýmsar gerðir marghyrninga, fari rétt með heiti þeirra og geti lýst þeim bæði í mæltu máli og með því að teikna myndir, borið þau saman og flokkað
- kynnist hugtökunum réttstrendingi og teningi, kunni að skilgreina þau og nýta sér í útreikningum
- kynnist rétthyrndum, jafnarma og jafnhliða þríhyrningum og geti nýtt sér eiginleika þeirra í útreikningum
- tileinki sér hugtök og aðferðir við að mæla og reikna lengdir strika, flatarmál og ummál marghyrninga og rúmmál réttra strendinga
- hanni rétthyrning með gefnu ummáli og flatarmáli og átti sig á því að rétthyrningur með gefið ummál getur haft breytilegt flatarmál
- fáist við rétthyrnt hnitakerfi í sléttum fleti og hnit punkta og spegli og hliðri punktum í hnitakerfi
- fáist við einfaldar hliðranir, snúninga og speglanir mynda í sléttum fleti
- kynnist aðferð Eschers við að mynda flatarmyndir sem nota má til að þekja flöt
- vinni verkefni sem sýna fram á regluna um hornasummu þríhyrnings og noti hana til að reikna stærðir grannhorna og horna í jafnarma, jafnhliða og rétthyrndum þríhyrningum

Tölfræði og líkindafræði

- fáist við, þekki og skilji hugtökin tíðni, tíðnidreifing, meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi
- setji fram og túlki tíðnitöflur, súlurit, línurit og aðrar einfaldar aðferðir við framsetningu og lýsingu tölulegra gagna
- geri sér grein fyrir líkindahugtakinu og átti sig á að sumir hlutir eru háðir líkindum en aðrir ekki

Námsefni

8-10 stærðfræði, bækur 1 og 2

Kennsluforrit

Kennsluform

Nemendur vinna sjálfstætt í tímum og fá aðstoð eftir þörfum. Innlögn á nýjum reikniaðferðum tekin á töflu. Heimadæmi og kannanir lagðar fyrir reglulega.

Námsmat

Í stærðfræði er gefin skólaeinkunn og prófseinkunn að hausti og vori.

- kannanir 30%
- vinnubók 10%
- ástundu og virkni 30%
- heimadæmi 30%

Sund

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- náí nauðsynlegri sundfærni skv. aðalnámskrá (8. stig)
- auki þol, styrk, kraft og tækni
- kynnist ýmsum möguleikum til sundíþróttar
- þjálfist í að kafa eftir hlutum og troða marvaða

Námsefni

Hjálpargögn: plötur, boltar, hringir, flothringir o.fl.

Kennsluform

Fyrirlestrar kennara, sýni- og munnleg kennsla. Endurtekningaraðferðin. Leikir og þrautir.

Námsmat

Í sundi er gefin skólaeinkunn að hausti og vori og prófseinkunn að vori.

- Mæting, virkni og viðhorf til viðfangsefna

8. sundstig (lokið/ólókið)

- 400m sund synt með frjálsum aðferðum viðstöðulaust
- tímataka; 50m bringusund, 50m skriðsund
- sundstíll metinn í eftirfarandi sundferðum;
- 25m bringusund
- 25m skrið
- troða marvaða í a.m.k. 1 mín

Trúarbragðafræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- bæti siðferðilegan og félagslegan þroska og temji sér aga
- sýni sáttfýsi og fyrirgefningu í verki
- auki viðsýni sína með þekkingu á öðrum heimshlutum og trúarkerfum
- kynnist helgiritum annarra trúarbragða
- sýni umburðarlyndi gagnvart öðrum trúarbrögðum

Námsefni

Maðurinn og trúin

Trúarbragðavefurinn (vefefni)

Kennsluform

Útlistunarkennsla, verkefnavinna, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir og hópvinna.

Námsmat

Námsmat verður tekið inn í samfélagsfræði (sjá námsmat þeirrar greinar).

Tölvur

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunotkunar
- læri að umgangast tölvurnar sem sjálfsagt verkfæri
- kynnist tölvunni sem tæki til náms og annarrar vinnu
- kunni að skrifa texta, myndskreyta og prenta út
- noti tölvuna til verkefnavinnu
- nái tökum á rétttri fingrasetningu
- geti vistað og náð í skjöl
- geti geymt upplýsingar með skiplögðum hætti
- geti beitt þeim leitaraðferðum sem algengust tölvukerfi bjóða upp á
- læri að nota pósthforrit
- læri að nota nokkur forrit, t.d. Word, Excel og Powerpoint

Námsefni

Ritvinnsluforrit, töflureiknir og margmiðlun

Ýmis kennsluforrit

Vélrítun

Kennsluform

Kennslan fer fram í tölvustofunni.

Námsmat

Í tölvum er gefin skólæinkunn að hausti og vori.

- verkefni 40%
- vinnubrögð, virkni og framkoma 60%

